



Fundargerð

476. fundur Sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð, miðvikudaginn 11. maí 2022, kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Bjarki Guðnason, Katrín Gunnarsdóttir, Jón Hrafn Karlsson, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir og Jóna Björk Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri.

Fundargerð er tölvuskráð og er 5 bls. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt beint á Youtube; [Sveitarstjóri Skaftárhrepps's Zoom Meeting - YouTube](#)

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnskrá bætist;

6. Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 02.05.2022

7. Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 19.07.2021

8. Umsagnarbeiðni um umsókn um breytingu á gildandi rekstrarleyfi. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 20.07.2021

9. Efnistökukeyfi úr Skaftá. Digriklettur ehf. 09.05.2022

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri greinir frá gangi mála frá síðasta reglulega sveitarstjórnarfundi:

19. apríl íbúafundur vegna tilraunaverkefnis í úrgangsmálum

20. apríl Vottunarúttekt iCErt vegna jafnlaunavottunar

20. apríl Vinnufundur starfrænt Suðurland

20. apríl 102. fundur svæðisráðs Vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

22. apríl Fundur slitastjórnar óvirkra byggðasamlaga

22. apríl fjórði upplýsingafundur til sveitarfélaga um starfsemi SASS

25. apríl vinnustofa stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

25. apríl Aðalfundur Háskólafélags Suðurlands

27. apríl fundur með Vegagerðinni vegna skila stofnunarinnar á Klausturvegi til sveitarfélagsins

4. maí vinnufundur Stafrænt Suðurland

6. maí undirbúningsfundur með forsetaritari vegna fyrirhugaðrar heimsóknar forseta Íslands 2. júní nk.

10. maí stjórnarfundur Bergrisans bs.

Framundan er fundur með forsvarsmönnum Landsnets ásamt oddvita vegna hugmynda um að flýta uppbyggingu nýs tengivirkis á Prestbakka. Kynning á tilraunaverkefni Skaftárhrepps í úrgangsmálum á Nýsköpunardegi hins opinbera á vegum Ríkiskaupa.

Fundargerðir til samþykktar

- 2205002F - Fræðslunefnd - 179

Handwritten signatures and initials: CBJ, HGM, BVC, KJ.



1.1 2205003 - Heimgreiðslur til foreldra

Niðurstaða Fræðslunefnd - 179

Sveitarstjórn þakkar fræðslunefnd fyrir vinnuna. Sveitarstjóra falið að leggja til upphæð fyrir heimgreiðslur.

Katrín Gunnarsdóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu liðar 1.2. og vikur af fundi

1.2 2204007 - Trúnaðarmál

Niðurstaða Fræðslunefnd - 179

Skráð í trúnaðarmálabók

Katrín Gunnarsdóttir kemur aftur til fundarins
Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

2. 2205003F - Rekstrarnefnd - 136

2.1 2205005 - 1. Ársreikningur 2021 til umfjöllunar og afgreiðslu

Niðurstaða Rekstrarnefnd - 136

Rekstrartekjur Klausturhóla námu 278,1 millj. kr. á árinu 2021 og rekstrargjöld 27, millj.kr. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 10,3 millj.kr. Sveitarstjórn tekur undir þakkir rekstrarnefndar til stjórnenda Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla og staðfestir ársreikninginn með undirritun sinni.

Aðrir liðir fundargerðar kynntar sveitarstjórn

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

3. 2203011 - Slit óvirk byggðasamlög

Fyrir fundinum liggur tillaga slitastjórnar óvirkra byggðasamlaga Ásahrepps, Rangárbings ytra, Rangárbings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps. Skaftárhreppur á aðild að Green Globe 21 í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu kt. 520506-0200. Slitastjórn leggur til að samlaginu verði slitið, kennitalan afskráð og eignum verði skipt á milli eignaraðila í hlutfalli við íbúafjölda 1. janúar 2022. Í hlut Skaftárhrepps kemur 71.326 kr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir fyrir sitt leyti framlagða tillögu slitastjórnarinnar.

4. 2203014 - Ársreikningur Skaftárhrepps 2021 - síðari umræða

Ársreikningur Skaftárhrepps vegna 2021 var tekin til fyrri umræðu 11. apríl sl. undirritaður af sveitarstjóra. Heildarrekstrartekjur samstæðunnar voru 815 millj.kr sem skiptast í skatttekjur 413 millj.kr, framlög jöfnunarsjóðs 203 millj.kr



og aðrar tekjur 198 millj.kr. Rekstrargjöld voru 769 millj.kr og afskriftir 23,7 millj.kr. Fjármagnsgjöld voru 13,8 millj.kr og rekstrarniðurstaða samstæðu jákvæð um 8,7 millj.kr.

Eignir samstæðu voru samtals 949,5 millj.kr þar af handbært fé 56,4 millj.kr. Eigið fé samstæðu nam 545 millj.kr og skuldir og skuldbindingar 404 millj.kr. Veltufé frá rekstri samstæðu var 14,8 millj.kr og afborganir langtímalána 12,9 millj.kr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum var 139 millj. kr. sem var fjármagnað með nýrri lántöku 128 millj.kr.

Ársreikningur Skaftárljóss liggur einnig fyrir fundinum. Skaftárljós er B-hluta fyrirtæki hjá Skaftárhreppi með sérstaka kennitölu. Rekstrartekjur Skaftárljóss námu 1,1 millj.kr. Tap á árinu nam 29 þús.kr. Eignir félagsins nema 47,5 millj.kr og þar af er handbært fé 16,6 millj. Styrkir frá Byggðastofnun og Fjarskiptasjóði námu alls 25,6 millj.kr og tengigjöld 12,6 millj.kr. sem fært er á móti framkvæmdakostnaði.

Sveitarstjórn þakkar stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins fyrir þeirra framlag við rekstur sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ársreikningana ársins 2021 fyrir Skaftárhrepp og Skaftárljós og staðfestir þá með undirritun sinni.

5. 2205006 - Fundarboð á aðalfund Eldvilja ehf. 2022

Stjórn Eldvilja ehf boðar til aðalfundar miðvikudaginn 25. maí nk. Tilnefna þarf fulltrúa Skaftárhrepps á fundinn.

Sveitarstjórn tilnefnir Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra sem fulltrúa Skaftárhrepps á aðalfundinum.

Jóna Björk Jónsdóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næstu þriggja liða og vikur af fundi.

6. 2205001 - Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 02.05.2022

Sýslumaðurinn á Suðurlandi óskar eftir umsögn Skaftárhrepps vegna umsóknar Hvannar ehf. kt. 690322-1020 um veitingaleyfi í flokki II til reksturs Veitingaleyfi-A veitingahús að Klausturvegi 2, Fastanúmer 219-0823 mhl.01-0101 og 02-0101.

JHK og HGÁ samþykkja veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá við afgreiðslu málsins vegna aðkomu sinnar á síðari stigum sem slökkviliðsstjóri. KG situr hjá við afgreiðslu málsins

7. 2205007 - Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 19.07.2021

Sýslumaðurinn á Suðurlandi óskar eftir umsögn Skaftárhrepps vegna



umsóknar Guðmundar Fannars Markússonar kt. 010292-3449 um leyfi til reksturs veitinga í flokki II til reksturs Veitingaleyfi-C veitingastofa og greiðasala Mörtungu II, Fastanúmer 219-0100

KG, JHK og HGÁ samþykkja veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá við afgreiðslu málsins vegna aðkomu sinnar á síðari stigum sem slökkviliðsstjóri.

8. 1906017 - Umsagnarbeiðni um umsókn um breytingu á gildandi rekstrarleyfi. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 20.07.2021

Sýslumaðurinn á Suðurlandi óskar eftir umsögn Skaftárhrepps vegna umsóknar Guðmundar Fannars Markússonar kt. 010292-3449 um breytingu á gestafjölda, á rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II minna gistiheimili Mörtunga II, fastanúmer 219-0100.

KG, JHK og HGÁ samþykkja veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá við afgreiðslu málsins vegna aðkomu sinnar á síðari stigum sem slökkviliðsstjóri.

Jóna Björk Jónsdóttir kemur aftur til fundarins

9. 2205008 - Efnistökukeyfi úr Skaftá. Digriklettur ehf. 09.05.2022

Digriklettur ehf. sækir um efnistöku allt að 2500m³ úr Skaftá milli Kirkjubæjarklausturs 2 og Systrastapa.

JHK, HGÁ, JBJ og BG samþykkja veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki landeiganda og veiðifélags Skaftár. KG situr hjá við afgreiðslu málsins.

Fundargerðir til kynningar

10. 1801013 -

581. fundur stjórnar SASS, dags. 25.04.2022

909. fundur stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga, dags. 27.04.2022

Fundargerðir kynntar

Annað kynningarefni

11. 1801013 -

Almenningssamgöngur á Suðurlandi - samantekt viðhorfskönnunar unnin fyrir SASS, apríl 2022

Brotthvarf úr framhaldsskólum. Samband Íslenskra sveitarfélaga, dags. 04.05.2022

Stuðningur við sveitarfélög vegna móttöku barna á flóttu frá Úkraínu. Mennta-

Handwritten signatures and initials: JHK, HGR, BSG, and others.



og barnamálaráðherra, dags. 06.05.2022


Kynnt

Sveitarstjórn þakkar sveitarstjóra, starfsfólki skrifstofu sveitarfélagsins og starfsfólki allra stofnanna fyrir samstarfið á kjörtímabilinu.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:05.


Bjarki Guðnason


Katrín Gunnarsdóttir


Jón Hrafn Karlsson


Heiða Guðný Ásgeirsdóttir


Jóna Björk Jónsdóttir

